

143

9. ágúst

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur og reglum um stöðumæla frá 1. ágúst 1957, verða settir upp stöðumælar á eftirtöldum stöðum í Reykjavík:

Austurstræti, Vallarstræti meðfram Austurvelli, Thorvaldsensstræti, vestan megin, Hafnarstræti, Lækjargötu, vestan megin götunnar, svo og austan megin að Bóklhöðustíg, lóðinni Austurstræti 2, Kirkjutorgi, Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Kalkofnsvegi, Bankastræti, Hverfisgötu, Laugavegi, Skólavörðustíg og lóðinni á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis.

Samkvæmt 8. gr. reglna um stöðumæla, er skylt að greiða fyrir afnot stöðumælareits á virkum dögum frá kl. 9—19. Á laugardögum er gjaldskyldan þó aðeins frá kl. 9—13.

Á götum hefur stöðugjald verið ákveðið kr. 1.00 fyrir 15 mínútur og kr. 2.00 fyrir 30 mínútur, og er það hámarkstími.

Á Kirkjutorgi og lóðunum nr. 2 við Austurstræti og á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu er gjaldið kr. 1.00 fyrir hverjar 30 mínútur.

Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknúin ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega og hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum.

Nokkrir af framangreindum mælum verða teknir í notkun 12. ágúst n. k.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. ágúst 1957.

Sigurjón Sigurðsson.

144

29. ágúst

AUGLÝSING

um merkingu á dillkakjöti.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 5, um kjöt og fleira, frá 22. febr. 1949, ásamt 71. gr. reglugerðar nr. 155 um kjötmat og fleira, frá 8. sept. 1949, heimilast útflytjendum að merkja dillkakjöt I. flokk til útflutnings á brezkan markað með merki-miðum, sem á er prentað

PRIME
ICELAND
LAMB

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1957.

Hermann Jónasson.

Arni G. Eylands.